

Nd.

651. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
6. gr. laganna falli burt.

2. Við 3. gr. Greinin hljóði þannig:

Á eftir 7. grein laganna, sem verður 6. gr., komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (7. gr.) Báða helgidaga stórhátíðanna, skírdag og föstudaginn langa eru bannaðar vinnveitingar á opinberum vinnveitingastöðum.
- b. (8. gr.) Á stórhátíðum, þ. e. á aðfangadagskvöld, jóladag, páskadag og hvítasunnudag, er íslenskum togurum bannað að vera að veiðum. Skulu þeir þá daga liggja í höfn og þar, sem þeir eiga heima, þegar því verður við komið.
- c. (9. gr.) Ákvæði 1., 2., 7. og 8. greinar ná og til hátíðisdaganna 1. maí og 17. júní.

3. Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar og almannafrið 1. maí og 17. júní.